

Nr. 1054

12. nóvember 2008

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga, sem samþykkt var af bæjarstjórn Blönduóss, sveitarstjórn Húnnavatnshrepps, sveitarstjórn Skagabyggðar og sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hinn 10. september 2008 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 12. nóvember 2008.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Austur-Húnvetninga. Blönduósbaer, Húnnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd hafa stofnað með sér byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga. Byggðasamlagið er í eigu sveitarfélaganna og fer með yfirstjórn skólans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Austur-Húnnavatnssýslu.

Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því að:

annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna.

búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.

leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.

búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist.

gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun.

3. gr.

Stjórn byggðasamlagsins sem skipuð er einum fulltrúa og einum varamanni frá hverju sveitarfélagi gegnir hlutverki skólanefndar. Kosið er í stjórnina að afloknum sveitarstjórnar-kosningum til fjögurra ára. Stjórnin skiptir með sér verkum.

4. gr.

Formaður stjórnar byggðasamlagsins boðar til funda með dagskrá svo oft sem þurfa þykir og er skylt að boða til fundar ef tveir stjórnarmenn, skólastjóri eða kennarafundur æskir þess. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórn byggðasamlagsins ræður skólastjóra. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn í samráði við stjórnina. Starfsmenn skólans starfa samkvæmt starfslysingum sem stjórnin ákveður.

6. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun í samráði við stjórn og kennara skólans. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við reglugerð þessa, aðalnámskrá tónlistarskóla og laga sem í gildi eru um tónlistarskóla í landinu á hverjum tíma. Hann skal framfylgja samþykktum stjórnar og hafa yfirlumsjón með eignum skólans. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans. Skólastjóri skal ganga frá vinnuskýrslum og árita reikninga til greiðslu og annast skráningu nemenda.

7. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Kennarafundi skal halda ekki sjaldnar en 4 sinnum á hverju starfsári skólans.

Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá, stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra og tilnefnir ritara sem færir gjörðarbók kennarafunda.

Föstum kennurum er skylt að sækja kennarafundi. Stundakennumurum er skylt að sækja kennarafundi æski skólastjóri þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Skylt er að halda kennarafundi ef minnst ¼ hluti fastra kennara æskir þess.

8. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir frá 1. september ár hvert. Viðverutími, vinnuskylda og laun starfsmanna fara eftir gildandi kjarasamningum. Skólastjóra er heimilt að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans að fengnu samþykki þeirra.

9. gr.

Rekstur skólans skal kosta með nemendagjöldum og með framlögum sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu.

Skrifstofa Húnnavatnshrepps annast greiðslur launa og rekstrareikninga svo og bókhald skólans. Fjárhagsáætlun skólans er unnin af sveitarstjóra Húnnavatnshrepps í samráði við stjórn byggðasamlagsins og skólastjóra. Aðildarsveitarfélögin fá fjárhagsáætlun til umsagnar áður en hún er endanlega samþykkt í stjórn.

10. gr.

Nemendagjöld eru ákveðin af stjórn byggðasamlagsins. Nemendagjöld skulu greidd við upphaf skólaárs.

Nr. 1054

12. nóvember 2008

11. gr.

Skólastjóri skal fyrir lok ágúst ár hvert gera áætlun um kennslustundafjölda á næsta skólaári í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs.

12. gr.

Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um ástundun, árangur og umgengni nemenda. Reglurnar þurfa samþykki stjórnar byggðasamlagsins.

13. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá sem er með lögheimili á starfssvæði tónlistarskólans og hefur áhuga á því tónlistarnámi sem skólinn býður upp á.

Eftirfarandi takmarkanir eru heimilaðar:

Þurfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu kennslufyrirkomulagi.

Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu.

Úrskurði skólastjóra má skjóta til stjórnar.

14. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss, sveitarstjórn Húnavatnshrepps, sveitarstjórn Skagabyggðar og sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

B-deild – Útgáfud.: 19. nóvember 2008